Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála
Borgartúni 21
105 Reykjavík

Álftanesi 23. ágúst 2020

Undirritaðir íbúar í fjölbýlishúsinu að Asparholti 6, 225 Álftanesi gera þá kröfu að bygging reiðskemmu sem hestamannafélagið Sóti er að reisa við Gesthúsafjöru á Álftanesi verði þegar í stað stöðvuð.

Er það álit íbúa að fyrirhuguð bygging hafi verið mjög illa kynnt og teikningar af skemmunni í nánasta umhverfi, sem sumir íbúar fengu í bréfpósti, séu í engri líkingu við raunveruleikann. Draga íbúar í efa lögmæti byggingarleyfisins.

Reiðskemman er mikil sjónmengun fyrir íbúa í Asparholti 6 sem missa stóran hluta af sjávarútsýninu. Fjaran með Hrakhólmana í aðalhlutverki og Snæfellsjökull mun hverfa sýnum. Ljóst er að skaðinn er ekki bara tilfinningalegur heldur mun fasteignaverð í Asparholti 6 rýrna.

Íbúar í Asparholti 6 hafa óskað eftir frekari upplýsingum frá bæjarstjóra og skipulagsfulltrúa Garðabæjar varðandi byggingaleyfið. Í tölvupósti sem sendur var 13. ágúst 2020 var óskað eftir upplýsingum um lögmæti byggingarinnar, óskað var eftir gögnum sem sýndu hvenær nýtt deilsuskipulag var kynnt og hvar og hvernig fyrirhuguð reiðskemma var grenndarkynnt þar sem byggingin virtist koma mörgum íbúum Álftaness á óvart. Þessu erindi hefur ekki verið svarað.

Virðingafyllst,

Jóna Jóh Sveinsdóttir 200468-3689
Hildur Jóna Gylfadóttir 021069-3299
Jón Ingi Þorvaldsson 120273-4699
Ína Sigrún Þórðardóttir 310878-5459
Guðrún Hafliðadóttir 220878-2649
Hafdís Ósk Gústad 240580-4629
Gunnar Wiencke 100173-3609
Guðrún Eygló Bergþórsd. 280874-4269
Arnaur Hallgrímsd. 200788-2659

Skjal sótt af '00000000' dags: 25.03 2026